

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 4. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0015
IAS

Efni: Matskyldufyrirspurn - akstursíþróttasvæði við Hellu.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsettu 7. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna akstursíþróttasvæðis við Hellu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina með tilkynningu um matskyldu og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Óhætt er að taka undir það sem fram kemur í útdrætti greinargerðarinnar að um nokkuð óhefðbundna tilkynningu sé að ræða þar sem framkvæmdum er lokið, akstursíþróttasvæðið hefur þegar verið gert og umhverfisáhrifin því að mestu komin fram.

Þessi vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar.

Svæðið er ekki stórt og ólíklegt er að þar hafi verið jarðminjar eða gróður með hátt verndargildi. Hins vegar má telja víst að einhverjir fuglar hafi nýtt svæðið til varps fyrir framkvæmdir en úr þessu er ekkert hægt að fullyrða um tegundir eða fjölda para.

Ekkert er fjallað um mögulega mengun vegna olíu eða bensínleka á svæðinu. Ekki kemur fram hvort eldsneyti sé geymt á svæðinu eða hvernig brugðist verði við leka frá hjólunum eða eldsneytisgeymum verði þeir til staðar. Mikilvægt er að allt sé gert sem hægt er til að koma í veg fyrir að megnandi efni berist í grunnvatn.

Náttúrufræðistofnun telur ekki að framkvæmdin þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

